



A 1623/näring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00192-6

Nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar um

Þingmannatillögu um norrænar þríhliða viðræður

1. Tillaga nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að efna til árlegrar ráðstefnu þar sem þríhliða viðræður fara fram um tiltekið svið vinnumarkaðarins og ræddar eru gagnlegar lausnir á hindrunum sem eru ofarlega á baugi en einnig kerfislægar.

2. Aðdragandi

Þríhliða viðræður eru einn hornsteina norræna líkansins. Það er meðal annars slíkum viðræðum að þakka að Norðurlöndin njóta slíkrar farsældar sem raun ber vitni. Þær tíðkuðust um árabíl milli Norrænu ráðherranefndarinnar, fulltrúa atvinnulífsins og fulltrúa verkafélagsmanna. Því miður hefur þeim verið hætt þar sem fulltrúar atvinnulífsins hafa lýst því yfir að þríhliða viðræður á norrænum vettvangi þjóni engum tilgangi.

Það er hryggilegt viðhorf að okkar mati. Þríhliða viðræður halda sínu gildi, þrátt fyrir að aðstæður hafi breyst og ekki sé lengur lögð sama áhersla á þær og áður.

Skilningur ríkir á því áliti fulltrúa atvinnulífsins að þríhliða viðræður þjóni ekki sama tilgangi og fyrr. Aðstæður hafa breyst meðal annars að því leyti að aðildarríki ESB eru orðin 28 talsins, og kann sumum að finnast norrænum viðræðum vera ofaukið í því samhengi.

Þó er til mikils að vinna með endurupptöku þríhliða viðræðna. Það er mikilsvert að löndin geti átt viðræður og leitað í sameiningu aðferða til að stuðla að öflugum og fyrirsjáanlegum vinnumarkaði á Norðurlöndum. Þannig getum við undirbúið okkur fyrir framtíðarlausnir á ESB/EES-svæðinu.

Öllum aðilum hlýtur að vera annt um að hér sé öflugur norrænn vinnumarkaður þar sem skilyrði eru sanngjörn. Slíkar aðstæður eru launafólki og fyrirtækjum, sem fylgja gildandi lögum og reglum, fyrir bestu.

Undanfarin ár hefur hugmyndin um að endurvekja þríhliða viðræður verið nefnd reglulega innan Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þegar Norðmenn gegndu formennsku í ráðherranefndinni fékk embættismannanefndin um jafnréttismál það verkefni að koma á þríhliða viðræðum með því markmiði að draga úr launamuni kynjanna. Árið 2013 gerði þáverandi atvinnumálaráðherra Noregs, Anniken Huitfeldt, þríhliða viðræður að umtalsefni á ráðstefnu sem sænska ríkisstjórnin efndi til um atvinnuleysi ungs fólks. Sú hugmynd ráðherrans að efna til þríhliða viðræðna um vandann hlaut góðar undirtektir, en fram kom að erfitt gæti reynst að hrinda henni í framkvæmd á norrænum vettvangi þar sem samstarf norrænna atvinnurekenda er ekki eins þróað og samstarf norrænna stéttarfélaganna.

Einmitt þetta er meðal helstu atriða sem takast þarf á við ef ætlunin er að koma á uppbyggilegum þríhliða viðræðum. Stéttarfélögin búa að þróuðu og virku samstarfi, milli einstakra félaga sem og sambandanna í löndunum. Samstarf norrænna atvinnurekenda er ekki eins markvisst. Samtök atvinnurekenda eiga samstarf sín á milli upp að einhverju marki, en ólíkt t.d. Sambandi norrænna verkalýðsfélaga (NFS) reka atvinnurekendur þó ekki sameiginlega skrifstofu þar sem norræn málefni eru daglega til meðferðar. Það dregur úr möguleikum á því að viðtækar viðræður geti átt sér stað um framtíðarsýn vinnumarkaðarins til lengri tíma, svo dæmi sé tekið. En um leið greiðir þetta fyrir viðræðum á afmörkuðum sviðum vinnumarkaðarins, þar sem sérfræðingar geta hist og rætt til hlítar hindranir á eigin starfsvettvangi.

Danir, sem fara með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, hafa skipað vinnuhóp sem í eru fulltrúar atvinnurekenda, stéttarfélaganna og ráðuneytanna. Verkefni hópsins felst í að greina stjórnsýsluhindranir sem þessir aðilar geta sammælt um að séu til trafala. Sjónarhorn þeirra á ekki að einskorðast við danskar aðstæður, heldur skulu þeir leita áhlits og sjónarmiða frá samstarfsaðilum á hinum Norðurlöndunum. Á ráðstefnu í Kaupmannahöfn sem fer fram 30. apríl verða niðurstöður þessara vangaveltna og viðræðna um sameiginleg viðfangsefni í brennidepli. Að mati ráðsins er þetta afar jákvætt framtak!

Við, af hálfu ráðsins, óskum eftir því að haldin verði árleg ráðstefna með þátttöku hinna þriggja aðila vinnumarkaðarins. Við teljum mikilvægt að beina sjónum að tilteknu sviði vinnumarkaðarins sem er ofarlega á baugi og að okkar mati er hægt að finna uppbyggilegar lausnir á þeim sviðum þar sem vandamál eru til staðar. Þetta yrði gert til að auka líkur á því að allir þátttakendur fengju eitthvað út úr ráðstefnunni.

Áður en langt um líður mun ráðherranefndin um vinnumál tilnefna stjórnarmálamann, sem er áberandi á sínu sviði, til þess að endurskoða samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað og norrænt samstarf á sviði vinnumála, líkt og Thorvald Stoltenberg gerði á sviði varnar- og utanríkismála og Bo Könberg á sviði félags- og heilbrigðismála. Gert er ráð fyrir að endurskoðunarferlið hefjist í mars eða apríl 2015. Meðal þátta sem teknir verða fyrir eru þríhliða viðræður. Búist er við því að ráðherrarnir samþykki umboð úttektarinnar í janúar eða febrúar 2015. Meðal fyrstu verkefna verður að öllum líkindum hugmyndafundur með efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs, þar sem kallað verður eftir

Norðurlandaráð

A 1623/náring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00192-6

framlagi hennar til úttektarinnar. Einnig verður leitað eftir álitum aðila vinnumarkaðarins. Þess er vænst að lagðar verði fram 13–15 tillögur að aðgerðum, sem miði að umbótum á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði. Búist er við því að norrænar þríhliða viðræður komi áfram þar við sögu.

Norðurlandaráð

A 1623/näring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00192-6

3. Umsagnarferli

Tillagan hefur ekki verið tekin til umsagnar. Óformlegar viðræður við skrifstofu ráðherranefndarinnar hafa þó farið fram á grundvelli þingmannatillögu flokkahóps jafnaðarmanna.

4. Sjónarmið nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd styður þá hugmynd að árlega fari fram þríhliða viðræður norrænu ríkisstjórnanna/ráðherranefndarinnar, fulltrúa stéttarfélaganna og fulltrúa atvinnurekenda. Þetta kynni að greiða fyrir opnum viðræðum þessara aðila um málefni sem varða þá alla, s.s. skort á hæfu starfsfólki, þörf fyrir fræðslu á vinnumarkaðnum, atvinnuleysi ungs fólks, félagslegt undirboð o.fl. Efnahags- og viðskiptanefnd er ennfremur afar jákvæð gagnvart því að Danir hafi skipað vinnuhóp með fulltrúum atvinnurekenda, stéttarfélaganna og ráðuneyta, auk þess að standa að ráðstefnu þar sem varpað verði ljósi á viðfangsefni sem þessir aðilar koma sér saman um. Takist vel til er hugsanlegt að viðræðurnar verði fyrirmynd að árlegum norrænum viðræðum með svipuðu sniði.

5. Niðurstaða

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að efna til árlegrar ráðstefnu þar sem þríhliða viðræður fara fram um tiltekið svið vinnumarkaðarins og ræddar eru gagnlegar lausnir á hindrunum sem eru ofarlega á baugi en einnig kerfislegar.

Maríuhöfn, 27. janúar 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Eero Suutari (saml)

Gunvor Eldegard (A)

Heidi Greni (Sp)

Heidi Nordby Lunde (H)

Jörgen Pettersson (ÅC)

Mikkel Dencker (DF)

Lars Tysklind (FP)

Lena Asplund (M)

Pyry Niemi (S)

Rikard Larsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Tarja Filatov (sd)

Torgeir Knag Fylkesnes (SV)

ÞINGMANNATILLAGA

Norðurlandaráð

A 1623/náring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00192-6

Þingmannatillaga um norrænar þríhliða viðræður

Þríhliða viðræður eru einn hornsteina norræna líkansins. Það er meðal annars slíkum viðræðum að þakka að Norðurlöndin njóta slíkrar farsældar sem raun ber vitni. Þær tíðkuðust um árabíl milli Norrænu ráðherranefndarinnar, fulltrúa atvinnulífsins og fulltrúa verkafólksshreyfingarinnar. Því miður hefur þeim verið hætt þar sem fulltrúar atvinnulífsins hafa lýst því yfir að þríhliða viðræður á norrænum vettvangi þjóni engum tilgangi.

Það er hryggilegt viðhorf að okkar mati. Þríhliða viðræður halda sínu gildi, þrátt fyrir að aðstæður hafi breyst og ekki sé lengur lögð sama áhersla á þær og áður.

Skilningur ríkir á því áliti fulltrúa atvinnulífsins að þríhliða viðræður þjóni ekki sama tilgangi og fyrr. Aðstæður hafa breyst meðal annars að því leyti að aðildarríki ESB eru orðin 28 talsins, og kann sumum að finnast norrænum viðræðum vera ofaukið í því samhengi.

Þó er til mikils að vinna með endurupptöku þríhliða viðræðna. Það er mikilsvert að löndin geti átt viðræður og leitað í sameiningu aðferða til að stuðla að öflugum og fyrirsjáanlegum vinnumarkaði á Norðurlöndum. Þannig getum við undirbúið okkur fyrir framtíðarlausnir á ESB/EES-svæðinu.

Öllum aðilum hlýtur að vera annt um að hér sé öflugur norrænn vinnumarkaður þar sem skilyrði eru sanngjörn. Slíkar aðstæður eru launafólki og fyrirtækjum, sem fylgja gildandi lögum og reglum, fyrir bestu.

Undanfarin ár hefur hugmyndin um að endurvekja þríhliða viðræður verið nefnd reglulega innan Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. Þegar Norðmenn gegndu formennsku í ráðherranefndinni fékk

embættismannanefndin um jafnréttismál það verkefni að koma á þríhliða viðræðum með því markmiði að draga úr launamuni kynjanna. Árið 2013 gerði þáverandi atvinnumálaráðherra Noregs, Anniken Huitfeldt, þríhliða viðræður að umtalsefni á ráðstefnu sem sænska ríkisstjórnin efndi til um atvinnuleysi ungs fólks. Sú hugmynd ráðherrans að efna til þríhliða viðræðna um vandann hlaut góðar undirtektir, en fram kom að erfitt gæti reynst að hrinda henni í framkvæmd á norrænum vettvangi þar sem samstarf norrænna atvinnurekenda er ekki eins þróað og samstarf norrænna stéttarféлага.

Einmitt þetta er meðal helstu atriða sem takast þarf á við ef ætlunin er að koma á uppbyggilegum þríhliða viðræðum. Stéttarfélögin búa að þróuðu og virku samstarfi, milli einstakra féлага en einnig sambandanna í löndunum. Samstarf norrænna atvinnurekenda er ekki eins markvisst. Samtök atvinnurekenda eiga samstarf sín á milli upp að einhverju marki, en þau tóku til dæmis þátt í fjármögnun verkefnis um norræna líkanið ásamt Norrænu ráðherranefndinni. Ólíkt t.d. Sambandi norrænna verkalyðsféлага (NFS) reka atvinnurekendur þó ekki sameiginlega skrifstofu þar sem norræn málefni eru daglega til meðferðar. Það dregur úr möguleikum á því að víðtækar viðræður geti átt sér stað um framtíðarsýn vinnumarkaðarins til lengri tíma, svo dæmi sé tekið. En um leið greiðir þetta fyrir viðræðum á afmörkuðum sviðum vinnumarkaðarins, þar sem sérfræðingar geta hist og rætt til hlítar hindranir á eigin starfsvettvangi.

Við óskum eftir því að haldin verði ráðstefna með þátttöku hinna þriggja aðila vinnumarkaðarins. Þingmannatillagan beinist einnig að tilteknu sviði vinnumarkaðarins, sem er í brennidepli. Að okkar mati er hægt að finna uppbyggilegar lausnir á þeim sviðum þar sem vandamál eru til staðar. Þetta yrði gert til að auka líkur á því að allir þátttakendur fengju eitthvað út úr ráðstefnunni.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur flokkahópur jafnaðarmanna til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að efna til árlegrar ráðstefnu þar sem þríhliða viðræður fara fram um tiltekið svið vinnumarkaðarins og ræddar eru gagnlegar lausnir á hindrunum sem eru ofarlega á baugi en einnig kerfislægar.

Piteå, 7. ágúst 2014

Anders Karlsson (S)

Ann-Kristin Johansson (S)

Annette Lind (S)

Billy Gustafsson (S)

Christer Adelsbo (S)

Christian Beijar (ÅSD)

Eeva-Johanna Eloranta (sd)

Gunvor Eldegard (A)

Helgi Hjörvar (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Karin Åström (S)

Knut Storberget (A)

Maria Stenberg (S)

Marit Nybakk (A)

Per Berthelsen (S)

Per Rune Henriksen (A)

Peter Johnsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Sjúrður Skaale (Jvfl.)

Sonja Mandt (A)

Suna Kymäläinen (sd)

Tuula Peltonen (sd)

Norðurlandaráð

A 1623/näring

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00192-6